Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

MENNTASTEFNA
REYKJAVÍKURBORGAR
TIL 2030

Starfsáætlun
2020 – 2021

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

1 Greinargerð leikskólastjóra 3

2 Innra mat: Hlíð 5

3 Innra mat: Höll 10

4 Innra mat: Kot 14

5 Innra mat: Sel 18

6 Innra mat: Ból 21

7 Ytra mat 27

8 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla 28

9 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva 30

10 Foreldrasamvinna 30

11 Skipulagsdagar og leikskóladagatal 32

12 Fylgigögn 33

12.1 Fylgiskjal 1 - Leikskóladagatal 2020 – 2021 33

12.2 Fylgiskjal 2 – Umsögn foreldraráðs 33

Umsögn foreldraráðs 34

Leiðarljós Jöklaborgar

Gleði – virðing - sköpun

1 Greinargerð leikskólastjóra

Það er ekki ofsögum sagt að skólaárið hafi verið með ólíkindum. Áskoranir voru margar þar sem tekist var á við verkfall Eflingar og Covid 19. Það var aðdáunarvert hvernig starfsmenn leikskólans tóku á ýmsum verkefnum tengdu verkfallinu og Covid 19 í því gífurlega álagi sem var á þeim. Ég vil sérstaklega hrósa starfsfólki Jöklaborgar fyrir hve vel þeir unnu við óvenjulegar aðstæður. Allir tóku nýju verklagi vel, voru strax tilbúnir að breyta vinnulagi eftir þeim ábendingum sem komu jafnt og þétt frá okkar yfirmönnum sem stóðu sig þvílíkt vel við að styðja við starfsemina. Starfsmenn sýndu ótrúlega hjálpsemi, tillitsemi og úrræðasnilli við þessar aðstæður. „Kærar þakkir kæra starfsfólk Jöklaborgar“. Mikið mæddi á ykkur foreldrar góðir í þessu hvoru tveggja. Þið eigið hrós skilið, hvað þið tókuð þessum verkefnum vel og funduð lausnir dag fyrir dag.

Starfsmenn Jöklaborgar ætluðu í náms- og kynnisferð til Brighton í maí en ekki tókst það vegna Covid 19 og hefur ferðinni verið frestað til næsta skólaárs.

Áhersla skólaársins var að vinna með þætti úr nýrri menntastefnu „Látum draumana rætast“ og munum við vinna áfram með félagsfærni í þróunarverkefninu okkar sem ber nafnið „Ég, þú, við saman“. Ætlunin er m.a. að hafa rýnihópa með það í huga að skoða samskipti milli barna og fullorðinna, notast verður við vídeóupptökur og aðra skráningu. Viðtöl verða tekin við börnin og skráningar verða gerða.

Í desember fóru elstu börn leikskólans í heimsókn í Árskóga sem er heimili eldri borgarbúa í Breiðholti. Börnin æfðu ýmis jólalög sem þau síðan sungu fyrir eldri borgarana og var þeim vel fagnað.

Haustið 2019 fór af stað verkefni í Breiðholti sem miðar að því að bæta þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Verkefnið „Betri borg fyrir börn“ miðar m.a. að því að færa þjónustuna nær skólaumhverfinu. Það er mat mitt að þessi breyting hafi reynst vel þann stutta tíma sem komin er.

Gefðu 10 er einföld aðferð sem við tókum til okkar og höfum unnum með. Hún er ætluð til þess að auka samtal og samskipti við fjöltyngd börn. Verkefnið er afar einfalt og snýst m.a. um að starfsmenn gefi fjöltyngdum börnum meiri gaum, vinni að því að börnin upplifi enn frekar að þau tilheyri barnahópnum og fái betri trú á eigin getu. Við munum halda áfram með þetta verklag. Þetta skólaár voru tveir starfsmenn leikskólans í námi í leikskólafræðum í HÍ og næsta ár stefnir í að fjórir starfsmenn munu sækja nám í HÍ. Þetta er afar gleðileg þróun. Þá fóru tveir starfsmenn einnig á fagnámskeið Eflingar. Til að brúa það bil fengum við starfsmenn frá Afleysingarþjónustu Reykjavíkurborgar. Það kom bara vel út fyrir utan að annar þeirra varð að hætta eftir nokkra daga. Námskeiðsdagur leikskólastjóra var haldinn 11. nóvember í Reykholti þar sem ýmis fræðsla var í boði s.s. Eru draumar bara skrifaðir í skýin? Getum við haft áhrif? Einnig útikennsla og fræðsla um samskipti og tjáningu. Mikið var yndislegt að vera þátttakandi í þessari mjög svo gefandi ferð þar sem fræðsla og gleði réði ríkjum. Sérdeilis var gaman að skemmtidagskránni þar sem okkar yfirmenn skóla- og frístundasviðs tóku dansspor sem voru einstök :)

Í maí komu fjögur ungmenni í vinnu til okkar, voru það tveir sumarliðar frá Reykjavíkurborg og svo tveir vinnuskólaliðar. Það er yndislegt að fá svona hjálparhendur til okkar.

Brennsluofn

Glerlistaverk elstu barna

2 Innra mat: Hlíð

Markmið með umbótum var að efla samskipti barna með því að hjálpa þeim með innkomu í leik og styðja þeirra virku þátttöku í honum.

Við höfum öll tekið eftir því í starfi okkar með yngstu börnunum hversu virk þau eru í samskiptum löngu áður en þau fara að tala. Til að skilja og lesa tjáningu mjög ungra barna vorum við að veita þeim meiri athygli og gegnum samskipti við foreldra. Gegnum leik í litlum hópum byggðum við upp betri samskiptatengsl milli starfsmanna og barnanna með því að starfsmaður gefur hverju barni meiri athygli og barnið finnur fyrir mikilvægi sínu. Traust barna eykst og það hvetur barnið til fjölbreyttari tjáningar, með því aukast samskipti og auðvelda börnum innkomu í leik.

Góð samskipti eru grunnatriði í starfi með börnum þess vegna viljum við vinna með sömu viðmið á næsta starfsári.

Matartími: Gekk vel. Það tók smá tíma fyrir börnin að venjast matnum og að byrja að nota gaffla. Börnin fengu tækifæri til að velja sætin sín sjálf en þannig kynntust þau betur öðrum börnum og starfsfólki sem hefur jákvæð áhrif á öryggi og sjálfstraust þeirra.

Umbætur: Við viljum að starfsfólkið sé færanlegt og sitji ekki alltaf við sömu matarborðin til að þau kynnist börnunum betur og þörfum þeirra.

Frjáls leikur: Náttúruleg forvitni barna endurspeglaðist í frjálsum leik. Börnin höfðu mikinn áhuga að kynnast leikskólaumhverfinu sínu og gegnum leik byggðu þau sín fyrstu samskiptatengsl við leikskólavini sína. Í haust einkenndist leikurinn þeirra meira af samleik. Í vor sáum við miklar breytingar hjá börnunum og vinatengsl þeirra jókst og þau byrjuðu að leika sér saman.

Umbætur: Virk þátttaka starfsmanna til að styðja börnin í leik og vera á staðnum til að fylgjast betur með börnunum. Skipuleggja hvetjandi umhverfi.

Hreyfistundir: Voru að ganga mjög vel. Við höfðum hreyfistundir einnig inni á deild eins og hoppu leiki á púðum og hreyfi og/eða dans stundir í sal.

Umbætur: Mikil gleði barna á hreyfingartímum sagði okkur að börnunum fannst það gaman og þess vegna viljum við halda þeim áfram eins mikið og hægt er
Hvíld: Var að ganga vel en okkur fannst óvenjulegt að ung börn hvíla sig svo stutt. Við fórum að þörfum barnanna, þau mættu með sína eigin sæng og mjúka bangsa sem veittu þeim meira öryggi og ró á hvíldatíma.

Umbætur: Okkur finnst mikilvægt að huga að því að sum börnin þurfa að hafa sína eigin vagna til að sofa í þeim. Við viljum að útivera eldri barna byrji kl. 13:00 svo að hvíldin geti verið notalegri fyrir yngstu börnin.

Útivera: Gekk ekki vel í haust því garðurinn var ekki tilbúinn fyrir þarfir yngstu barnanna. Smám saman kynntust börnin betur útiumhverfinu og fundu öryggi en þá gekk útitíminn betur. Flestum börnum fannst skemmtilegt að vera úti og leika sér með eldri leikskólavinum sínum.

Umbætur: Til að gera útiveru meira spennandi þarf að undirbúa betur svæði fyrir yngstu börnin, við viljum hafa þar ungbarna róló. Einnig væri gott að gera fótboltasvæði fyrir eldri börnin öðruvísi og laga svæði undir stóra kastalanum.

Verkefnavinna: Gekk mjög vel. Börnin voru dugleg, áhugsöm og spennt fyrir hverju og einu verkefni og höfðu gaman af þeim. Sum börn þurfa að venjast t.d. málningu og fengu þau þá meiri tíma fyrir það og gerðu verkefnið þegar þau voru tilbúin til þess.

Umbætur: Að nota betur listasmiðju í verkefnavinnu.

Könnunarleikur: Gekk vel. Í könnunarleik lærðu börnin á eigin forsendum hvaða verðlausa hluti er hægt að nota. Gegnum könnunarleik byggðu börnin samskiptatengsl milli sín án kennara.

Umbætur: Börnum fannst leikurinn vera mjög áhugaverður þess vegna viljum við halda honum áfram og bæta skráningum við á meðan leikurinn stendur yfir til að fylgjast betur með þroska hvers og eins barns.

Samverustund: Þær voru erfiðar í byrjun því þetta var eitthvað nýtt fyrir börnin og smá saman lærðu þau reglurnar og skipulagið sem gildir í samverustundum. Við sungum mest og notuðum tónlistina því að börnum fannst það vera áhugavert og róaði þau niður. Við lásum einnig bækur eða notuðum myndaspjöld til að segja sögu út frá þeim.

Umbætur: Að nota hljóðfæri í samverustundum er meira spennandi fyrir börnin. Einnig er hægt að gefa börnum mjúka bangsa til að þau geti passað hann á meðan og haldið þannig samverustundum lengur.

Flæði: Börn voru dugleg að fara á milli deilda og þeim fannst það vera gaman að hlaupa gegnum fataherbergið. Okkur fannst áhugavert að sjá hversu mikið ung börn eru forvitin að kynnast umhverfinu og starfsfólkinu. Sum börn þurfa aðeins meiri hvatningu en með stuðningi starfsmanna eykst sjálfstraust þeirra smá saman.

Umbætur: Það væri fínt að starfsmenn undirbúi stöðvar með ákveðnum leikföngum því ef það er of mikið af þeim á gólfinu þá gengur leikurinn ekki vel og börnin hlaupa meira á milli deilda.

Aðlögun: Gekk afar vel. Sum börn þurftu meiri tíma og að vera í kerru á deildinni því það veitti þeim öryggi. Okkur fannst að starfsmannabreytingar á deildinni okkar höfðu neikvæð áhrif á yngstu börnin því þau misstu öryggi og þess vegna var meira álag lagt á starfsmenn sem börnin þekktu betur.

Umbætur: Við viljum að aðlögun byrji frá mánudegi og taki lengra tíma til að byggja góð samskiptatengsl við hvert og eitt barn og foreldra þeirra. Börnin sem eru að koma til okkar eru mjög ung og þess vegna er mikilvægt að hafa vagna fyrir þau.

Kaffidagur: Gekk mjög vel og við vorum ánægðar með mætingu foreldra. Við kynntumst foreldrum betur, þeir skoðuðu starfið hjá okkur og léku sér með börnunum sínum. Kaffidagar er ein af leiðunum sem við notum til að byggja góð samskiptatengsl við foreldranna.

Umbætur: Okkur finnst að það henti betur að hafa kaffidaga kl. 15:00.

Umbótaáætlun Hlíð 2020-2021

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Virk hlustun	Að þekkja börnin betur og þarfir þeirra	Að lesa í margvísleg tjáningarform barna til að skilja þau	Deildastjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar	Ágúst	Maí	Daglegt upplýsingaflæði milli starfsmanna deildarinnar	Að þekkja börnin vel og byggja jákvæð samskipti, gagnkvæma virðingu, samkennd og umhyggju
Að vera til staðar	Að fylgja börnum í daglegum athöfnum	Íhlutunar aðferðir. Að nota aðferð „Gefðu 10“	Deildastjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar	Ágúst	Maí	Daglegar athuganir og að fylgja dagskipulaginu. Deildafundir	Að veita öruggan stað þar sem öll börn geta fengið jöfn tækifæri til virkrar þátttöku í daglegum athöfnum
Virk þátttaka starfsmanna	Starfsmenn eru meðvitaðir um sín eigin hlutverk. Fagmennska í starfi	Skipuleggja hvetjandi umhverfi sem hentar þroska og hæfileika hvers og eins barns Og þar er svo mikilvægt að starfsmaður sé virkur þátttakandi í leik barna	Deildastjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar	Ágúst	Sept.	Daglegar athuganir Rætt verður á deildafundum	Að kynnast börnunum með því að fylgja þeim í leik og styðja, en alls ekki trufla Að leyfa börnum sjálfum að skapa sinn eigin leik og að tjá skoðanir sínar á hugtökum og öðru. Að skapa nær umhverfi fyrir börn þar sem þau geta eflt vina- og samskiptatengsl

3 Innra mat: Höll

Að meta þroskaþætti: Ákveðið var að skoða framfarir barnanna við að læra að þekkja litina (10 litir). Það er afmarkað verkefni og auðvelt að meta. Öll börnin á deildinni voru ný í haust og einnig voru þau mjög ung eða að verða tveggja ára. Málþroski var því skammt á veg kominn. Áherslan fram að jólum var fyrst og fremst á að börnin næðu góðum tengslum við leikskólann, starfsfólk og hin börnin.

Í febrúar voru flest börnin farin að tala þó nokkuð og við könnuðum litaþekkingu hjá hverju og einu. Þau voru beðin um að benda á ákveðinn lit og spurð hvaða litur er þetta? Svar á ensku var líka tekið gilt þar sem nokkur börn eiga fleiri en eitt tungumál.

Tvö börn þekktu þá alla 10 litina og gátu sagt nöfn þeirra. Fimm börn gátu bent og/eða sagt nöfn 4 lita og tvö börn þekktu 1 lit önnur gátu hvorki bent á eða sagt nöfn litanna. Hugmyndin var að vinna markvisst að því að kenna börnunum litina en ýmsar raskanir á leikskólastarfinu í vetur hafði áhrif á þá vinnu svo hún varð ekki eins markviss og áætlað var.

Í maí var litaþekking barnanna skoðuð aftur. Tíu börn gátu nú sagt nöfn 6 lita eða fleiri og 4 þekktu 1-3 liti

Það var gaman að geta séð svo skýrt framfarir barnanna. Næsta vetur munum við þróa þennan þátt áfram jafnframt því að þróa skráningar.

Merkingar: Allir leikfangakassar voru merktir. Teknar voru myndir af leikföngunum og nöfn leikfanga skrifuð undir myndirnar. Miðarnir eiga til að detta af, en það gengur betur að ganga frá öllu á sinn stað. Þessum þætti telst lokið

Leikur barna: Börnin á deildinni voru mjög ung í haust og öll ný. Það var því gott tækifæri til að byrja alveg á nýjum grunni. Þau voru líka mjög nálægt hvert öðru í aldri. Við lögðum áherslu á nálægð við börnin, virka hlustun, viðurkenningu og staðfestingu á góðri hegðun.

Markmiðið var að kenna börnunum :

- Að vera góð við hvert annað
- Að leika fallega saman
- Að bíða og skiptast á leikföngum

Við lögðum mikla áherslu á rólegheit og jákvæð samskipti við börnin, leiðbeina frekar en að ávíta t .d. ef einhver var að meiða þá voru viðbrögð okkar að sýna barninu hvernig á að vera góður. Vera aaa við xxxxx. Við reyndum einnig að kenna börnunum að það má segja **nei** og **stopp** ef einhver ætlar að meiða mann eða taka af manni dótið. Allt tók þetta mið af ungum aldri barnanna.

Það er okkar mat að þessi markmið hafi náðst. Samskipti barnanna hafi verið mjög góð í vetur. Þau eru afslöppuð og glöð, góðir vinir og árekstrar eru fátíðir. Unnið verður á sömu nótum með nýjan barnahóp næsta vetur.

Vikuskipulag

Morgunmatur: Sú sem kemur kl. 8:00 sér um að gefa börnunum morgunmatinn. Ein tekur á móti börnunum og ein sér um þau sem eru búin að borða og kemur þeim í leik. Þetta fyrirkomulag kom vel út.

Frjáls leikur: Börnin voru dugleg að leika sér og voru skapandi í leik. Árekstrar voru frekar fátíðir og börn tóku leiðbeiningum vel ef árekstrar komu upp.

Útivera: Börnin vorum mjög áhugasöm um að fara út og voru dugleg í útiveru. Undir vorið voru börnin orðin dugleg við að klæða sig í og úr útifötunum.

Samverustundir: Fyrri part vetrar sungum við mikið, hlustuðum á tónlist og börnunum fannst gaman að dansa og hreyfa sig við tónlist. Seinni part vetrar jókst áhugi barnanna á sögum og bókum. Þessar stundir gengu mjög vel og börnin voru dugleg að taka þátt.

Hreyfistundir/salur: Við reyndum að hafa fjölbreytti viðfangsefni í salnum. Þrautabrautir, leikir, dans, búningar og frjáls leikur í bland. Öllum börnunum fannst gaman í salnum.

Verkefnastundir: Verkefni voru unnin í Listasmiðju og inni á deild. Börnin voru mjög áhugasöm og ótrúlega þolinmóð ef þau þurftu að bíða eftir að röðin kæmi að þeim og höfðu gaman af að fylgjast með hinum.

Vinastund: Til að byrja með áttu sum börnin erfitt með að fara í Vinastund en þegar leið á veturinn gekk betur og börnin voru dugleg að taka þátt í því sem var að gerast. Ágætt fyrirkomulag að deildirnar skiptist á að stjórna Vinastund.

Flæði: Byrjaði 15. október því börnin voru mjög ung og þurftu tíma til að aðlagast leikskólanum. Börnunum fannst gaman í Flæði. Sum stoppuðu lengi við meðan önnur fóru á milli. Mjög gott að starfsmaður fór frá Höll á Hlíð og var þar meðan Flæðið var. Það veitti börnunum öryggi.

Vikuskipulag gekk í heildina mjög vel í vetur. Börnin á deildinni voru yngri en þau sem voru árin á undan. Það krafðist þess að aðlaga þurfti starfið að þörfum svo ungra barna. Að mati starfsfólks tókst það mjög vel og börnin voru glöð og ánægð.

Verkfall Eflingar 17. febrúar til 9. mars. Allt starfsfólk á Höll var í Sameyki og gátu því börnin mætt alla dagana sem verkfallið stóð. Þar sem starfsfólk í eldhúsi var í verkfalli borðuðu börnin morgunmat heima og foreldrar eða aðrir sóttu þau í hádeginu og gáfu þeim að borða. Þau komu svo aftur til að fara í hvíld. Við reyndum að undirbúa börnin undir þessar breytingar eins og hægt var miðað við aldur þeirra. Börnin voru hissa í fyrstu þegar þau voru sótt í hádeginu, en þau tóku þessu mjög vel og voru fljót að venjast þessu fyrirkomulagi. Aldrei var neitt mál að koma aftur til að fara í hvíld og samstarf við foreldra gekk mjög vel. Það var ekki laust við að sum börnin söknuðu þessa fyrirkomulags þegar verkfallinu lauk og sum bjuggust enn við að vera sótt í hádeginu.

Mat barna á Höll, aldur þeirra 2 – 3 ára: Skemmtilegast úti og í Salnum, klifra hátt og hlaupa. Skemmtilegra í Salnum en úti og gaman að leika með skóflu og að hjóla.

Umbótaáætlun Höll 2020-2021

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Skráningar	Að geta metið fyrirframákveðna þætti starfsins út frá skráningum frekar en minni	Vinna markvisst að því að þróa skráningar	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar	Haust	Vor	Skráningum safnað saman, skoðaðar og metið hvernig til tókst	Að til séu skráningar um þessa fyrirframákveðnu þætti sem hægt er að byggja mat á
Samskipti	Bæta samskipti starfsfólks í leikskólanum	Reglulega starfsmannafundi, hópefli	Allt starfsfólk leikskólans	Haust	Vor	Meta samskipti starfsfólks að hausti og aftur að vori	Að starfsfólk telji að samskipti hafi batnað á þessum tíma
Virk hlustun	Að beita virkri hlustun í samskiptum við börn og annað starfsfólk	Kynna/ rifja upp hvað felst í virkri hlustun	Allt starfsfólk leikskólans	Haust	Vor	Meta að hausti hvort starfsfólk noti virka hlustun í samskiptum við börnin og sín á milli	Metið að vori hvort virk

4 Innra mat: Kot

Þar sem rými deildarinnar er svo opið þá er mikið áreiti fyrir yngri börnin sem þurfa að sofa. Rýmið niðri er svo opið og fjöldi barna jókst þar sem stöðugt fjölgaði í hópnum því yngri börnin hættu smátt og smátt að sofa í hvíld og tilheyrði þá þeim eldri sem voru að gera verkefni niðri. Síminn truflaði oft, birta var að trufla uppi á loftinu, meiri umgangur er í fataklefa en áður þar sem fólk er að ganga þar um t.d. að fara í kaffi.

Hvíld: Við skiptum hvíldinni í tvennt, yngri börnin fóru upp á loft til að leggja sig/sofa og hlusta á tónlist. Eldri börnin voru niðri og gerðu verkefni t.d. púsla, lita og perla. Við ætluðum að vera í Listasmiðju en það var ekki hægt nema á mánudögum og seinnipart vetrar fór það alveg úrskeiðis. Starfsmenn skiptu með sér verkum einn gekk frá og fór svo í kaffi og tveir aðrir starfmenn skiptust á að vera með sinn hóp hver og þeir skiptu vikulega.

Hvað er hægt að gera? Myndum vilja einhverskonar myrkra gardínur fyrir glugga uppi. Væri gott að geta lokað símanum inni á þessum tíma. Biðja fólk að hafa það í huga að það sé hvíld á þessum tíma. (við vitum að það er lítið hægt að gera með matarvagninn). Nauðsynlegt er að fá aðgang t.d. að Listasmiðju á hvíldartíma. Hafa fleiri starfsmenn þegar ung börn eru á deildinni. Okkur langar að örnin geti hvílt sig /sofnað í öruggu, áreitislausu (birta – hljóð) umhverfi og önnur börn geti um leið notið sín í verkefnum.

Hreyfistundir: Gengu ágætlega, notuðum salinn betur eftir hádegi vegna stjórnendafunda og deildarfunda og var þá samvinna úti í garðinum. Hreyfistundir duttu niður vegna verkfalls og Covid.

Vinastundir: Gengu ágætlega þangað til að þær duttu niður vegna verkfalls og Covid.

ÍR stundir: Okkur fannst vanta fjölbreytileika í tímunum. Til dæmis fleiri leiki. Starfsmenn voru duglegir að taka þátt.

Val: Það er erfitt að meta Valið. Það byrjaði 16. okt. og var bara þrisvar eða fjórum sinnum 2019 og einu sinni eða tvisvar 2020. Það var flókið að láta það ganga í Valinu að þegar einn starfsmaður þurfti í útiveru það þyrftu fleiri út.

Hópavinna: Allt gekk vel. Vorum með hópavinnu eldri barna á fimmtudögum. Allskonar verkefni voru unnin og notuðum líka Listasmiðjuna.

Leikjastund: Var ekki oft c.a. 6 -7 sinnum en gekk vel.

Samverustund: Allt gekk vel fram að Covid. Þá vorum við lengur úti, að tilmælum sóttvarnalæknis.

Útivera: Gekk vel hjá okkur. Vorum yfirleitt úti eftir kl. 13:00 nema á mánudögum, þá fyrir hádegi. Börnin hafa misst íþróttavöllinn og svæði til að drullumalla – EKKI GOTT. Á nokkrum stöðum myndast

svæði með vatni sem er hættulegt t.d. færðist vatnið sem var á drullusvæðinu undir rólurnar. Steinkantur við kastalann er hættulegur.

Frjáls leikur: Börnin eru yfirleitt afar dugleg að leika sér og allir duglegir að leika saman.

Umbótaáætlun Kot 2020-2021

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Virk hlustun	Að starfsfólk sé meðvitað að beita virkri hlustun í samskiptum við börnin.	Innleiða „gefðu 10“ inná deild.	Deildastjóri og starfsmenn deildar.	Hefst að haus	Lýkur að vori	Skráningablað, þar kemur fram hverjir fá „10“ og hversu oft. Mat fer fram í Janúar og Maí.	Starfsfólk hafi betri yfirsýn yfir þroska barna inn á deild.
Hreyfing	Markmið síðasta árs náðist. Í haust verða líklega breyttar forsendur þar sem ný börn verða að öllu/miklu leyti ný og stefnum við því aftur að fá yfirsýn yfir grófhreyfingar.	Taka börnin í litlum hópum og athuga hreyfigetu þeirra.	Deildarstjóri og starfsmenn	Byrja að haustí	Enda að vori	Könnun gerð að hausti. Endurmat verður eftir áramót og að vori.	Notum færniskema. (grófhreyfingar).

Skemmtilegt
Strákahópur
Salur
Aparóla
Það er gaman að stökkva upp á hana og fara hratt og hátt.
Trampólín
Maður hoppar svo hátt.
Kubbar
Það er gaman að byggja stórt og flott hús.
Þrautabraut
Rimlar
Afmælisleikir
Það er svo gaman að fara í eltingaleik, fíóskustút og allskonar leiki.
Rimlar
Það er gaman að klifra hátt.
Ræfingar með lóð, bolta og fleira
Það er gaman að reyna að vera sterkur.
Ræfingar með Tönju
Það er erfitt að gera æfingarnar og maður verður þyrstur.
Leiðinlegt

Skemmtilegt
Stelpuhópur
Salur
Aparóla
Það er svo skemmtilegt að fara hátt og standa í aparólu.
Ræfingar með Tönju
Tanja er svo skemmtileg.
Trampólín
Það er svo gaman að hoppa.
Ræfingar með lóð, bolta og fleira
Það er gaman að leika með dót að gera æfingar.
Rimlar
Það er gaman að klifra.
Þrautabraut
Það er bara svo gaman.
Afmælisleikir
Það er hægt að fara í sjúkraleik.
Kubbar
Það er ekki gaman að byggja.
Leiðinlegt

5 Innra mat: Sel

Leikföng: Ákváðum var að hafa færri leikföng í boði en venjulega. Fundum hvað það var betra á Covit tímabilinu. Börnin léku sér lengur með sömu leikföngin og voru fleiri saman. Þá urðu meiri samskipti og það er það sem við viljum.

Útivera: Við höfum leyft börnunum að ráða hvort þau fari út fyrir eða eftir hádegi. Það er alltaf einhver inni og starfsmaður með þeim, börnin hafa líka fengið að ráða hvort þau eru lengi eða stutt úti í einu. Þetta gefst mjög vel og viljum halda þessu áfram. Mikil ánægja meðal barnanna.

Þemaáætlun: Ákváðum að deildarstjóri geri starfsáætlun fyrir hvert þema, finni til umræðupunkta, verkefni, sögur og lög. Prófuðum þetta aðeins í haust og var gaman og markvissara.

Hreyfistundir: Þær gengu mjög vel fyrir áramót og þangað til Salurinn lokaði vegna búningagerðar. Ætlum samt að breyta aðeins, þannig að það verði þrautabraut einu sinni í mánuði (í stað tvisvar)

skipulagðir leikir tvisvar (sem var óreglulega) og svo frjáls leikur með kubbum og búningum einu til tvisvar í mánuði.

Aldur barna á deild: Að hafa 4 árganga á deildinni var erfitt, kannski vegna þess að það voru mörg 2ja ára börn, 6 fyrir áramót 5 eftir áramót.

Barnafjöldi á Covid tíma: Fundum mikinn mun á að vinna þegar fækkun barna var á deildinni á covid-19 tímum. Það fengu allir góðan tíma til að vinna verkefnin góður tími í samskipti milli barna og starfsfólks og milli barna. Allir græddu 😊

Hópastarf: Gekk vel fram að verkfalli eftir það var ekkert eiginlegt hópastarf. Engar vettvangsferðir voru í vetur, en byrjum í júní og ætlum að vera dugleg í sumar og næsta vetur að fara hér allt um kring í nágrenni Jöklaborgar og kannski lengri ferðir.

Mat barna á starfi leikskólans





Umbótaáætlun Sel 2020-2021

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Efla sjálfsmynd barnanna	Efla sjálfsmynd barnanna svo þau eigi auðveldara með að standa með sjálfum sér og setja sig í spor annarra.	Í öllu daglegu amstri og í hópastarfi þar sem verða umræður jákvæð samskipti, virk hlustun.	Deildastjóri og allir starfsmenn deildarinnar	Ágúst 2020	Júlí 2021	Hópstjórar ræða við börnin í hópastarfi um hvað þeim finnst gott og hvað þeim finnst erfitt eða vont. Allir geti tjáð sig því það hafa allir rétt til þess. Starfsmenn	Markmiðið er að börnin séu með örugga sjálfsmynd, hafi ríka samkennd til hvors annars,

						ræða á deildafundum í nóv. og aftur í mars um hvernig gengur.	efla vináttu.
Hópastarf	Gera hópastarf markvissara, meiri samræður	Gera áætlun mánuð fyrir mánuð sem inniheldur umræðupunkta, verkefni bækur og lög.	Deildastjóri, hópstjórar ásamt öllu starfsfólki deildarinnar.	Sept. 2020	Maí 2021	Skipta börnum í hópa eftir aldri. Metið með umræðum við börnin í hópastarfi og allur hópurinn í samverustund einu sinni í mánuði. Starfsfólk talar saman á deildafundi a.m.k. 2 á önn oftar ef þurfa þykir.	Að börnin læri sjálfstæð vinnubrögð, óhrædd við að prófa sig áfram, kynnast sem flestum áhöldum og efnivið.
Starfsfólk	Efla góð samskipti í starfsmannahópnum.	Í öllu daglegu starfi með því að nota jákvæð samskipti og virka hlustun	Allt starfsfólk	Alltaf	Alltaf	Tölum um okkar umbótaáætlun á deildafundum að hausti og að vori oftar ef þurfa þykir.	Ánægðara starfsfólk. Meira og betra traust á milli starfsfólks. Meiri vinnugleði.

6 Innra mat: Ból

Við á Bóli ákváðum að endurmeta allt skipulagið okkar sem var í vetur, við erum í nýju húsnæði, fleiri börn og margt sem við getum gert betur og á annan hátt þannig að henti aldri og þroska barnanna.

Eldhús: Vont ef engin afleysing er ef veikindi koma upp, þá þarf að fara í eldhús og þá missum við starfsmann sem á að vera með börnum í samverustund fyrir mat og eftir mat. Ef vantar manneskju þá þurfum við að sameina börnin í tvo hópa í stað þriggja. Við náum ekki að vaska almennilega upp vegna þess að vatnið er ekki nógu heitt, það skapar hættu að sækja vatn inn í kompu (sjóðandi heitt vatn þar). Það tekur einnig lengri tíma að vaska upp og ganga frá sem tekur dýrmætan tíma frá börnum.

Vagninn sem við sækjum matinn í og keyrum á milli húsa mætti vera aðeins stærri, það sullast oft upp og út úr honum þegar súpa er í matinn (þurfum að lyfta vagninum yfir þröskulda þá hallar hann mikið) Okkar draumur á Bóli er matsalur t.d. í sal / listasmiðju . Börnin færu í minni hópum í mat og þær sem eru í eldhúsi sjá um þrif og frágang. Annað starfsfólk getur farið strax og sinnt börnum inn á deildum.

Samverustundir: Börnin þ.e. þau sem deila fataherbergi fara saman í samverustund f.h. og e.h. Börnin skilja þá betur á hvaða svæði þau eiga að fara fyrir og eftir mat. Skipulagið var svolítið ruglingslegt í vetur. Viljum halda föstudagsfundum, þá eru öll börnin saman og ræða hvernig þeim er búið að líða inn á Bóli þessa vikuna.

Fataherbergi: Fatahólf barnanna voru of hátt uppi, börnin gátu ekki bjargað sér sjálf. Nú er búið að lækka þau þannig að sjálfshjálp barnanna eflist. 😊Það er erfitt að þurrka föt barnanna eftir blautan dag. Þurfum að notast við ofna inn í vinnurými barna til að þurrka flíkur þeirra. Það sem við viljum sjá er þurrkaðstaða og hiti í gólfi í fataherbergja. Það reynir mikið á starfsfólk að halda á börnum yfir blaut gólf.

Val: Viljum halda valinu, góð tenging við hitt húsið þar sem félagsleg tengsl barna eru efld. Það þarf að bæta aðstöðu þeirra barna sem koma yfir í val s.s. skór og yfirhafnir liggja í hrúgu sem tekur tíma að finna út hver á hvað að vali loknu. Erum ánægð með fyrirkomulag valsins hjá okkur. Börnin velja í tveimur hópum (þá þau sem deila fataherbergi saman). Valið eflir samhjálp barnanna, að geta beðið um aðstoð og einnig að bjóða fram aðstoð sína, valið eflir læsi, læra liti, stærðfræði kemur einnig inn í valstundina.

Flæði: Flæðið var góð upplifun, bæði fyrir okkur og börnin. En eftir að við fluttum út í hús gengur flæði ekki, það er erfitt að fara á milli húsa í allavega veðri.

Salur / Listasmiðja: Erum ánægð að hafa listasmiðju og sal á sama degi. Hentar okkur vel að vera með verkefnavinnu og hreyfistundir. Börnunum er skipt í hópa sem síðan skiptast á þessi svæði. Það mætti vera fjölbreyttari efniviður í Listasmiðju fyrir börnin og einnig aðgengilegri fyrir þau. Kannski mætti kíkja á dýnur í sal, eru alltof harðar.

Íþróttaskólinn: Okkur finnst alveg nóg að íþróttaskóli elstu barna sé frá áramótum. Upplifðum leiða hjá börnunum, þau vildu ekki fara. Á haustin og fram að ármótum er barnahópurinn að kynnast, læra að vera saman þekkja inn á hvert annað, kynnast húsnæðinu, skipulaginu og einnig að kynnast starfsfólki á deildinni.

Kaffitímar: Kaffitímar eru núna tvisvar á dag f. h.og e.h. Við viljum prófa einn kaffitíma þá e.h. þá verður betri og meiri tími í vinnu með börnunum f. h.

Verkefnavinna: Miðað við aðstæður bæði varðandi nýja húsið, að kynnast því, Covid og verkfall hefur hamlað svo mörgu, þessi vetur er svo öðruvísi í leik og starfi með börnunum, en verkefnastundir hafa gengið vel þegar við höfum verið með þær.

Útisvæði: Finnum á börnunum að útisvæðið er ekki spennandi, þau endast ekki úti, vilja fara fyrr inn. Börnin hafa kvartað yfir því að fótboltasvæðið er farið. Við tókum eftir að leikur barnanna breyttist í verfalli og Covidinu, þeim leið betur, þau voru glaðari, þá voru líka færri börn úti. Við viljum halda áfram að börnin hafi val að fara út f. h. eða e. h. Þá eru færri börn í einu úti og hin njóta að vera í leik inni. Við horfum til Seljakots þegar kemur að því að garðurinn okkar verður tekinn í gegn. Girðingar við húsið okkar þurfa að vera opnanlegar, dót fer oft á milli húsanna og til hliðar við húsið og ekki hægt að sækja það.

Annað: Það sem við viljum sjá (við eigum okkur draum) 😊 eru færri börn 20 -22 börn á Bóli væri fín tala, þá væri hægt að fækka starfsfólki. Upplifðum í Covid og í verkfalli að allir nutu, bæði starfsfólk og börn. Börnin nutu sín í leik og starfi og leikurinn varð innihaldsríkari.

Börnum líður betur færri í hóp, eflir betur alla þroskaþætti barnsins, sérstaklega félagslega þáttinn sem er undirstaða alls.

Umbótaáætlun Ból 2020-2021

UMBÓTAÞÁTTUR/ Útivera	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Útivera barna	Gera útiveru barnanna spennandi og skemmti-lega. Efla virkni starfsfólks, vellíðan og ánægju barna. Hrósa, hvetja, nota jákvæða styrkingu	Færri börn í garðinum í einu sem eflir frjálsan og sjálfsprottinn leik þeirra. Einn starfsmann á ákveðin svæði í garðinum	Starfsfólk allra deilda ber ábyrgð á jákvæðri og góðri upplifun í útiveru	Að hausti	Að vori	Stjórnendafundir, deildarfundir þar sem starfsfólk ræðir saman. Börnum skipt í hópa eftir aldri og, spurningar lagðar fyrir þau.	Til þess að gera útiveru barna spennandi og skemmtilega, þarf starfsfólk að vera virkt nota jákvæða styrkingu með því hrósa, hvetja.
Efla góð samskipti starfsmanna	Efla góð samskipti í starfsmannahópnum.	Í öllu daglegu starfi þar sem áhersla er á jákvæð samskipti styrkleikar hvers og eins fái að njóta sín.	Allt starfsfólk	Allt árið	Allt árið	Starfsfólk hittist á deildarfundi að hausti og aftur að vori	Ánægðara starfsfólk þar sem hver og einn fær að njóta sín. einnig meira og betra traust í starfsmannahópnum. Allir skipta máli😊



Mat elstu barna leikskólans

Hvað finnst þér skemmtilegast í leikskólanum?

Hlaupa inn í sal, borða lasagna og leika með Lego. Veit ekki. Fara út, hlaupa í salnum og fara í eltingaleik. Líka að hoppa á trampólíinu í salnum. Leika í salnum. Leika, bæði inni og úti. Að teikna, vefa, úti að róla, Leikjastund, ÍR, búningagerðin fyrir öskudaginn og leiksýningin þegar við buðum foreldrum okkar til að horfa á. Líka gaman að vera með vinum mínum. Að leika, perla, gaman að leika í leikritinu í vetur, líka gaman að leika úti. Lita, leika með dúkkurnar, Leikjastund, Vinastund. það var gaman þegar það var bangsadagur og í ÍR og þegar leiksýningin var um jólin og við fengum piparkökur. Að hafa dans-partý með Arnari (starfsmaður hér). Að leika við stelpurnar í rólunum og í snú snú-tækinu. Skemmtilegast að leika í mömmuleik með dúkkum og eldhúsdótinu. Í Salnum, skottaleik, stoppdans, ég elska að dansa. Það er gaman í Salnum og í ÍR

Hvað finnst þér erfiðast í leikskólanum?

Það er erfitt að taka til. Ekkert erfitt. Það er ekkert erfitt. Að gera æfingar í salnum. Það er ekkert erfitt. Ekkert. Erfitt þegar ég er veik þá langar mig í leikskólann. Nei held það sé ekkert erfitt og ekkert leiðinlegt. Leiðinlegt þegar strákar eru að elta stelpur. Leiðinlegt þegar einhver tekur dótið af manni. Leiðinlegt ef ég þarf að bíða lengi, það er allt í lagi að bíða smá. Leiðinlegt að fara út í rigningu, gott að fara út í sól og skemmtilegt að búa til snjókarl.

Hvað heldur þú að sé skemmtilegast í grunnskólanum?

Að borða. Að læra að skrifa í skólanum. Að fara út að leika í skólanum. Læra að skrifa. Leika úti í frímínútum. Að læra allt. Að hitta nýja vini og prófa eitthvað nýtt. Að fara á bókasafnið og hlusta á sögu hjá Dröfn, það var gaman í gær þegar við fórum í Seljaskóla. Að lita og að syngja fyrir kennarana á sviðinu í leikhúsinu í Seljaskóla. Það var líka mjög gaman þegar Dröfn las fyrir okkur á bókasafninu. Veit ekki. Það var gaman þegar Dröfn las fyrir okkur á bókasafninu.

Hvað heldur þú að sé erfiðast í grunnskólanum?

Að lesa. Að sitja og hlusta. Ekki neitt. Að sitja lengi. Að læra. Held að það sé ekkert erfitt þar. Ég veit ekki kannski ef ég þarf að bíða lengi. Kvíði svolítið fyrir að læra að lesa, ég kann ekki alla stafina og ef ég þarf að bíða lengi það er leiðinlegt. Kvíði svolítið fyrir að labba í skólann ef ég þarf að labba ein. Held líka að það sé erfitt að kynnast nýjum krökkum. Það var erfitt þegar við fórum í kennslustofuna þeirra því það var svo mikill hávaði og læti. Þegar einhver er fyrir mér og ég sé ekki neitt. Erfitt að skrifa stafi.

7 Ytra mat

Skóla- og frístundasvið sendi út starfsmannakönnun og fór hún fram í febrúar 2020. Á þessum tíma stóð yfir verkfall þegar könnunin var framkvæmd og einnig Covid og skýrir það hve þátttaka starfsmanna var dræm. Þeir þættir sem komu betur út núna en í fyrra voru árangursríkir stjórnunarhættir, hæfir og áhugasamir starfsmenn, jafnrétti og jafnræði, og starfsöryggi. En t.d. það sem kom ver út núna en í fyrra var upplýsingaflæði ábótavant, of mikið vinnuálag og vinnuaðstaða slæm.

Umbótaþættir Ytra mat	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun,rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Starfsánægja	Að auka starfsánægju	Fá fyrirlesara með efni um starfsánægju	Unnið að þessu þetta skólaár	Allir stjórnendur	Rýnihópar, starfsmanna könnun	Þegar starfsmaður finnur að starfsánægja er ríkjandi í starfsmanna hópnum
Upplýsingaflæði	Að koma upplýsingum eins fljótt og auðið er til starfsmanna	Skráum upplýsingar á upplýsingatö flur, dagbækur og miðlum upplýsingum á samráðsfund um og fl	Byrjar strax	Stjórnendur	Vor 2021	Að allar upplýsingar komist til skila

8 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Áformað var að taka starfsþróunarviðtöl í byrjun árs 2020. Nokkur viðtöl voru tekin en vegna aðstæðna þ.e. verkfall Eflingar og svo Covit 19 þá varð að fresta þeim. Haldið verður áfram í haust.

Á skipulagsdegi var starfið skipulagt í ljósi nýrra tíma með Covid og starfsfólk vinnur saman í að átta sig á breyttu landslagi í leikskólanum. Farið var vel yfir verklag og hvernig vinna skuli með börnunum í Covid. Tveir starfsmenn fóru á fagnámskeið 2. Tveir starfsmenn eru í námi í H.Í. Fyrirlestar voru nokkrir s.s. Kvan hópurinn var með fyrirlestur um vinnustaðamenningu. Við fengum fyrirlestur um Barnasáttmálann, viðverustefnu Reykjavíkurborgar, málörvun barna og þróunarverkefni okkar. Fyrirlestur hegðunarráðgjafa um erfiða hegðun barna og fyrirlestur um starfsanda á vinnustað. Viðbrögð við jarðskjálfta. Umræða um nýja menntastefnu. Rætt var um þróunarverkefni okkar um félagsfærni Ég, þú, við saman, skoðum samskipti barna og starfsmanna í leikumhverfi þeirra, ígrunda leik barnanna, áhersla er á að virkja allt starfsfólk í verkefninu og styrkja sameiginlega sýn starfsmanna á góð og uppbyggileg samskipti. Mannauðsráðgjafi á skóla- og frístundasviði var með fyrirlestur um vellíðan á vinnustað. Á skipulagsdegi 25. maí '20 var unnið í að meta starfið, þá kom Ásdís Olga frá skóla- og frístundasviði með kynningu á þeim framkvæmdum sem eru fyrirliggjandi fljótlega. Starfsmannahandbók var kynnt. Gert var ráð fyrir tveimur skipulagsdögum 20. og 22. maí þetta ár þar sem starfsmenn ætluðu í náms- og kynnisferð til Brighton en varð ekki vegna aðstæðna þá.

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri fengu fræðslu um Vinnustund og voru í hópi stjórnenda í „Vellíðan á vinnustað“ einnig í hópi stjórnenda sem nefnir sig „Lærdómssamfélag og fagmennska“. Leikskólastjóri fékk fræðslu um Barnaverndarmál.

Einn deildarstjóri var í hópi leikskólakennara sem komu saman og fengu fræðslu sem nefndist „Handleiðsla deildarstjóra“ sem boðið var uppá hjá s.f.s. Þá voru tveir deildarstjórar sem voru á námskeið er nefndist „Lærdómssamfélag“. Tveir starfsmenn fóru á Fagnámskeið Eflingar. Tveir starfsmenn hafa sótt nám með vinnu í HÍ. Starfsmaður í sérkennslu fór á PECS-námskeið

Trúnaðarmaður leikskólans í Sameyki fór á tveggja daga trúnaðarmannanámskeið í október.

Sérkennslustjóri sótti ýmsa fræðslu er varðar sérkennslu barna. Stefnt er að því að hafa námskeið í skyndihjálp haustið 2020. Á komandi skólaári 2020 – 2021 mun verða haldið áfram með vinnu þróunarverkefnis okkar þar sem unnið verður með félagsfærni. Verkefnið heitir „Ég, þú, við saman“ og munum við fá til okkar fólk með fræðslu um málefnið á skipulagsdögum og starfsmannafundum. Starfsfólk Jöklaborgar stefnir á að fara til Brigthon í apríl og kynna sér m.a. numicon kubba, útikennslu, skoða leikskóla og storytelling o.m.f. Þeir starfsmenn sem ekki fara í þessa ferð munu fara í heimsóknir í aðra leikskóla og kynna sér starfsemi í þeim. Sóttar verða þær ráðstefnur sem í boði verða og eftir getu hverju sinni.

9 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Áætlun um samstarf leik- og grunnskóla í Seljahverfi 2020 – 2021:

September: Skólastjórar hittast á samráðsfundi í byrjun september.
Deildarstjórar elstu barna og umsjónarkennarar 1. bekkjar grunnskólanna hittast og ræða komandi skólaár, farið er yfir hvernig skólaheimsóknir gengu og þær endurmetnar. Einnig er farið yfir komandi samstarf á nýju skólaári.

Október: Börn í fyrsta bekk sem voru í Jöklaborg koma í heimsókn til okkar úr báðum grunnskólum hverfisins.

Nóvember: Heimsóknir elstu barna okkar í grunnskólana í hverfinu okkar í litlum hópum.

Febrúar: Elstu börnin okkar fara í heimsókn tvö í grunnskólana í hverfinu okkar.

Mars: Skólastjórnendur hittast til að ákveða sameiginlega skipulagsdaga fyrir skólaárið 2020-2021.

Maí: Grunnskólar hverfisins bjóða væntanlegum nemendum í sína þriðju heimsókn.
Foreldrar fylgja börnunum í þá heimsókn.

Niðurstöður Hljóm-2 fylgja börnunum á milli skólastiga.
Niðurstöður úr læsisprófum sem tekin eru í grunnskólanum á börnum í fyrsta bekk eru kynntar stjórnendum og deildarstjórum elstu barnanna leikskólans.

10 Foreldrasamvinna

Fulltrúar foreldraráðsins eru tveir núna ásamt leikskólastjóra. Þeir voru kosnir á foreldrafundi. Tilgangur foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefnda um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi (Lög um leikskóla 90/2008). Foreldraráðið fundar eftir þörfum. Í fundarboði kemur fram dagskrá fundar. Í foreldraráði þetta skólaár eru: Dagbjört Hildur móðir Ernu Hafdísar og Tinna Heimisdóttir móðir Þorvaldar og Anna Bára Pétursdóttir leikskólastjóri.

Starfsreglur foreldraráðs Jöklaborgar:

Foreldraráð Jöklaborgar starfar skv. lögum um leikskóla 90/2008 og leiðbeiningum skóla- og frístundasviðs.

- Foreldraráðið einsetur sér að starfa faglega við að veita umsögn um starf leikskólans.
- Foreldraráðið heldur trúnað um persónuupplýsingar barna, foreldra, starfsfólks og annarra sem ráðið kann að fjalla um.
- Foreldraráðið getur verið farvegur fyrir foreldra leikskólabarna sem vilja koma á framfæri ábendingum og athugasemdum um leikskólastarfið.
- Foreldraráðið kemur saman að lágmarki tvisvar á hverju misseri, gjarnan í tengslum við skipulagsdaga starfsfólks og starfsáætlanagerð.
- Meirihluti foreldraráðsins verður að mæta á fundi til þess að ráðið teljist starfshæft. Ef greidd eru atkvæði um mál í ráðinu er það einfaldur meirihluti sem ræður.

Starfsreglur þessar voru samþykktar á fundi foreldraráðs Jöklaborgar fimmtudaginn 28. ágúst 2014.

Foreldrafélag:

Foreldrafélag Jöklaborgar var skipað fimm foreldrum, einn deildarstjóri er fulltrúi leikskólans og situr fundi félagsins. Foreldrafélagið er fyrir alla foreldra og forráðamenn barna í Jöklaborg. Markmið félagsins er að tryggja sem best velferð barna í Jöklaborg. Aðalfundur foreldrafélagsins er venjulega haldinn að hausti í lok foreldrafundar leikskólans. Í ár var hins vegar ekki haldinn fundur í ljósi Covid. Í stjórn foreldrafélagsins þetta skólaár voru: Hafsteina Guðmundsdóttir móðir Hönnu Stellu og Hannesar Hrafns, Katla Rúnarsdóttir móðir Esterar Laiu, Telma Rut Gunnarsdóttir móðir Emelíu Ránar, Elsa A. Serrenho Valdemarsdóttir móðir Hrafndísar Júlíu, Helga Jóna Harðardóttir móðir Harðar Bergs og Svavars Fróða og Hallbera Bjarnadóttir deildarstjóri á Heimaseli.

Markmiði sínu hyggst félagið ná m.a. með eftirfarandi:

- Að hvetja alla foreldra til þess að taka þátt í og hafa aukin áhrif á aðbúnað og störf leikskólans í fullu samráði við starfsfólk.
- Að bjóða upp á fræðslu og fyrirlestra sem nýtast við uppeldi barna.
- Að bjóða upp á ýmislegt skemmtilegt til þess að lífga upp á tilveruna og byggja upp góðan
- félagsanda innan leikskólans.

Ekki hefur veri haldin aðalfundur þetta skólaár en við stefnum á að vera með fund á næsta ári ef aðstæður leyfa á Covid tímum.

Foreldrafundir:

Venjulega er haldnir tveir foreldrafundir yfir árið, einn að hausti fyrir alla foreldra þar sem starfsáætlun leikskólans er kynnt og kosið í foreldraráð. Á sama fundi er aðalfundur foreldrafélagsins. Þetta skólaár var það hins vegar ekki þannig vegna Covid. Í vor var haldinn fundur fyrir foreldra nýrra barna þar sem fram fór kynning á stefnu og starfi leikskólans.

Foreldraviðtöl:

Foreldrar barna sem eru að byrja í leikskólanum fá viðtal við deildarstjóra/aðstoðarleikskólastjóra /leikskólastjóra við upphaf leikskólagöngu. Þar er m.a. farið yfir sögu barnsins og gerður dvalarsamningur. Nokkru eftir aðlögun barns er foreldrum boðið foreldraviðtal við deildarstjóra, áætlað í október. Skipulögð foreldraviðtöl fyrir alla foreldra verða í janúar/febrúar þar sem farið er yfir stöðu barnsins er varðar þroska og getu. Einnig eru einstaklingsáætlanir ræddar og foreldrar þannig virkir í gerð einstaklingsáætlana barnanna sinna. Foreldraviðtöl, þ.e. kveðjuviðtöl eru að vori vegna barna sem eru að fara í grunnskóla. Foreldrar geta alltaf beðið um viðtal við deildarstjóra/leikskólastjóra telji þeir þörf á því. Þegar börn færast á milli deilda er foreldrum boðið upp á viðtal við nýjan deildarstjóra. Foreldraviðtöl hafa verið með ýmsu móti þetta haustið og er það vegna Covid.

11 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Mánudagur	14. september	Lokað allan daginn
Föstudagur	9. október	Lokað allan daginn (Allir skólar í Seljahverfi)
Mánudaginn	16. nóvember	Lokað allan daginn
Þriðjudagur	16. mars	Lokað allan daginn (Allir skólar í Seljahverfi)
Miðvikudagur	21. apríl	Lokað allan daginn (áætluð ferð starfsmanna til Brighton)
Föstudagur	23. apríl	Lokað allan daginn (áætluð ferð starfsmanna til Brighton)
Mánudagur	10. maí	Lokað allan daginn (Allir skólar í Reykjavík)

12 Fylgigögn

12.1 Fylgiskjal 1 - Leikskóladagatal 2020 – 2021

12.2 Fylgiskjal 2 – Umsögn foreldraráðs

Nafn leikskóla: Jöklaborg

Leikskóladagatal 2020 - 2021

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1 L		1 Þ	Aðlögun nýrra barna	1 F		1 S		1 Þ	Fullveldisdagurinn	1 F	Nýársdagur	1 M	Búningagerð	1 M		1 F	Skírdagur	1 L		1 Þ		1 F	
2 S		2 M	Aðlögun nýrra barna	2 F		2 M		2 M	Aðventustund	2 L		2 Þ	Búningagerð	2 Þ		2 F	Föstudagurinn langi	2 S		2 M		2 F	
3 M	Frídagur verslunarmanna	3 F	Aðlögun nýrra barna	3 L		3 Þ		3 F	Aðventustund	3 S		3 M	Búningagerð	3 M		3 L		3 M		3 F		3 L	
4 Þ	Sumarlokun	4 F	Aðlögun nýrra barna	4 S		4 M		4 F	Aðventustund	4 M		4 F	Búningagerð	4 F		4 S	Páskadagur	4 Þ		4 F	Dótadagur	4 S	
5 M	Sumarlokun	5 L		5 M		5 F		5 L		5 Þ		5 F	Dagur stærðfræðinnar	5 F		5 M	Annar í páskum	5 M		5 L		5 M	
6 F	Sumarlokun	6 S		6 Þ		6 F		6 S		6 M	Þrettándinn	6 L	Dagur leikskólans	6 L		6 Þ		6 F		6 S		6 Þ	
7 F	Sumarlokun	7 M	Aðlögun nýrra barna	7 M		7 L		7 M	Aðventustund	7 F		7 S		7 S		7 M		7 F	Íþróttadagur	7 M		7 M	
8 L		8 Þ	Dagur læsis	8 F	Rýmingaræfing	8 S	Baráttudagur gegn einelti	8 Þ		8 F		8 M	Búningagerð	8 M		8 F		8 L		8 Þ		8 F	
9 S		9 M	Aðlögun nýrra barna	9 F	Skipulagsdagur	9 M		9 M		9 L		9 Þ	Búningagerð	9 Þ		9 F		9 S		9 M		9 F	
10 M	Sumarlokun	10 F	Aðlögun nýrra barna	10 L		10 Þ		10 F		10 S		10 M	Rýmingaræfing	10 M		10 L		10 M	Skipulagsdagur	10 F		10 L	
11 Þ	Sumarlokun	11 F	Aðlögun nýrra barna	11 S		11 M		11 F		11 M	Ákveðið að foreldraviðtöl byrji	11 F	Búningagerð	11 F		11 S		11 Þ		11 F		11 S	
12 M	Sumarlokun	12 L		12 M	Bleikur dagur	12 F		12 L		12 Þ		12 F	Búningagerð	12 F	Blár dagur	12 M		12 M		12 L		12 M	
13 F		13 S		13 Þ		13 F		13 S		13 M		13 L		13 L		13 Þ		13 F	Uppstigningardagur	13 S		13 Þ	
14 F		14 M	Skipulagsdagur	14 M		14 L		14 M		14 F		14 S		14 S		14 M		14 F		14 M		14 M	
15 L		15 Þ	Útivirkni	15 F		15 S		15 Þ		15 F		15 M	Bolludagur	15 M		15 F		15 L		15 Þ		15 F	
16 S		16 M	Dagur íal. náttúru	16 F		16 M	Skipulagsdagur	16 M		16 L		16 Þ	Sprengidagur	16 Þ	Skipulagsdagur	16 F		16 S		16 M	Hátíð í tilefni þjóðhátíðar	16 F	
17 M		17 F	Útivirkni	17 L		17 Þ		17 F		17 S		17 M	Öskudagur	17 M		17 L		17 M		17 F	Ljóðveldisdagurinn	17 L	
18 Þ		18 F	Útivirkni	18 S		18 M		18 F		18 M	Búningagerð	18 F		18 F		18 S		18 Þ		18 F		18 S	
19 M		19 L		19 M		19 F		19 L		19 Þ	Búningagerð	19 F		19 F		19 M		19 M		19 L		19 M	
20 F		20 S		20 Þ		20 F	Dagur mannréttinda barna	20 S		20 M	Búningagerð	20 L		20 L		20 Þ	Barnamenningar hátíð	20 F		20 S		20 Þ	
21 F		21 M	Útivirkni	21 M		21 L		21 M		21 F	Búningagerð	21 S	Konudagur	21 S		21 M	Skipulagsdagur	21 F		21 M		21 M	
22 L		22 Þ	Útivirkni	22 F		22 S		22 Þ		22 F	Búndadagur	22 M		22 M		22 F	Sumardagurinn fyrsti	22 L		22 Þ		22 F	
23 S		23 M	Útivirkni	23 F	Alþj.dagur barnsins	23 M		23 M	Þorláksmessa	23 L		23 Þ		23 Þ		23 F	Skipulagsdagur	23 S	Hvítasunnudagur	23 M		23 F	
24 M	Aðlögun nýrra barna	24 F	Útivirkni	24 L	Fyrsti vetrardagur	24 Þ		24 F	Aðfangadagur jóla	24 S		24 M		24 M		24 L		24 M	Annar í Hvítasunnu	24 F		24 L	
25 Þ	Aðlögun nýrra barna	25 F	Útivirkni	25 S		25 M		25 F	Jóladagur	25 M	Búningagerð	25 F		25 F		25 S		25 Þ		25 F		25 S	
26 M	Aðlögun nýrra barna	26 L		26 M		26 F		26 L	Annar í jólum	26 Þ	Búningagerð	26 F		26 F		26 M		26 M		26 L		26 M	
27 F	Aðlögun nýrra barna	27 S		27 Þ		27 F		27 S		27 M	Búningagerð	27 L		27 L		27 Þ		27 F		27 S		27 Þ	
28 F	Aðlögun nýrra barna	28 M		28 M		28 L		28 M		28 F	Búningagerð	28 S		28 S	Pálmasunnudagur	28 M		28 F		28 M		28 M	
29 L		29 Þ		29 F		29 S		29 Þ		29 F	Búningagerð			29 M		29 F		29 L		29 Þ		29 Þ	
30 S		30 M		30 F		30 M	Aðventustund	30 M		30 L				30 Þ		30 F		30 S		30 M		30 M	
31 M	Aðlögun nýrra barna			31 L				31 F	Gamlársdagur	31 S				31 M				31 M					

Starfsáætlun 2020 – 2021
Nafn leikskóla

Jöklaborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Tinna Heimisdóttir
Dagbjört Hildur Torfadóttir

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð Jöklaborgar hefur farið yfir starfsáætlun fyrir komandi skólaár og er sátt við þá áætlun. Innra mat deilda er skýrt og er vilji til að vinna að umbótastarfi þar sem þörf er talin á. Við viljum einnig hrósa leikskólanum fyrir góð vinnubrögð í gegnum erfiðleika ársins með verkföll og Covid og taka sérstaklega fram að þar var og er passað vel upp á allar sóttvarnir og biðlað til foreldra að vera skynsöm í þeim efnum.

Nú er komin meiri reynsla á skólastarf í viðbyggingunni og eru nokkrir þættir þar sem þarfnast umbóta. Má þar nefna eldhús, en þar sem deildin er í sér húsi eru þau einnig með sér eldhúsaðstöðu og hefur það reynst erfitt ef til veikinda kemur hjá starfsmanni í eldhúsinu, en þá þurfa starfsmenn deildarinnar að hlaupa í verkið. Einnig virðist vatn í eldhúsinu ekki vera nógu heitt til að vaska almennilega upp. Það þyrfti líka að setja þurrkklefa í viðbygginguna eins og er á öðrum deildum leikskólans svo betur gangi að þurrka föt barnanna, það er fráleitt að þurfa að vera með blaut föt hangandi á ofnum um allt vinnurými barnanna.

Deildarstjórar og börn hafa kvartað yfir því að hafa misst fótboltavöllinn, það væri því ekki úr vegi að reyna að finna einhverja lausn til að bæta upp það tap. Einnig var rætt um að á nokkrum stöðum myndist svæði með vatni sem er hættulegt og að steinkantur við kastalann sé hættulegur. Það þarf vart að nefna hve mikilvægt það er að leikvöllurinn sé öruggur fyrir börnin og því viljum við sterklega koma því áfram að farið verði í úrbætur á þessu sem fyrst.

Inni á Koti er rými deildarinnar mjög opið, þá sérstaklega með tilliti til þess að nú eru ung börn á deildinni sem þurfa að hvílast á daginn. Það mætti því skoða hvað er til úrbóta á þessu máli því hvíld barna er óneitanlega mikilvæg fyrir þroska þeirra.

Foreldraráð er ánægt að sjá að starfsmenn séu að auka á menntun sína með námskeiðum og að nokkrir þeirra séu annað hvort í námi eða á leið í nám. Þetta teljum við boða góða framtíð leikskólans og vonumst til að sjá þetta áfram.

Gott er að sjá að þróunarverkefnið um félagsfærni “Ég, þú og við saman” er að reynast svo vel og að verið sé að vinna eins vel með það og hægt er. Við vonumst til að sjá áframhaldandi vinnu með þetta verkefni.

F. h. leikskólans Jöklaborgar

Anna Bára Pétursdóttir	30. 10. ´20
Leikskólastjóri	Dagsetning

LÁTUM
DRAUMANA
RÆTAST